

Söfnunar- og sýningarstefna

- VEIÐISAFNIÐ skal á öllum tímum halda úti/sýna aðal/grunnssýningu sem gefur góða innsýn í þá þætti sögunnar er snúa að veiðum og þá sérstaklega skotveiðum, innanlands og utan. Veiðisafnið getur þá einnig gert sérstökum þáttum veiða skil á sérsýningum, bæði í héraði og á öðrum þeim stöðum þar sem aðstæður leyfa og stjórn safnsins samþykkir.
- VEIÐISAFNIÐ skal hafa sýningarsali opna á auglýstum sýningartímum í a.m.k. þrjá mánuði á ári. Leitast skal við að höfða til og þjóna breiðum hópi safngesta innlendra sem og erlendra.
- Stjórn VEIÐISAFNSINS er heimilt að taka við munum/gripum/verkum/skotvopnum og heimildum í eigu einstaklinga, dánarbúa, fyrirtækja, félaga og stofnana, einstök verk eða safnaheildir, til varðveislu/ sýninga í lengri eða skemmri tíma. Um slíka varðveislu skulu aðilar gera með sér samning.
- Stjórn VEIÐISAFNSINS skal leitast við að skrá eftir viðurkenndum aðferðum alla muni/ skotvopn sem safninu berast hverju sinni. Skal sú skrá vera eftirlitsaðilum aðgengileg, s.s. lögregluvirkvöldum, höfuðsafni og tryggingarfélagum. Sérstaklega ber að skrá allt það er telst séreign safnsins.
- VEIÐISAFNIÐ skal sækja um/hafa söfnunarleyfi fyrir skotvopnasafni í samræmi við lög.
- Leggja skal kapp á að forverja dýrasafn/hom/skinn og muni sem eru í vörslu VEIÐISAFNSINS hverju sinni, m.a. með því að bygja sólarljós í sýningarsölum, ásamt reglulegri hreinsum sýningarmuna. Skotvopnasafn skal og yfirfarið/hreinsað reglulega.
- Munum/skotvopnum sem eru ekki til sýnis, skal komið fyrir í fullnægjandi geymslum.
- VEIÐISAFNIÐ skal rækja fræðsluhlutverk sitt við almenning og skal leitast við að hafa starfsemi sína aðgengilega öllum og skal sinna fræðsluhlutverki til skóla á starfssvæði sínu sérstaklega í samvinnu við fræðsluvirkvöld, ferðapjónustu og aðra aðila eftir því sem við á.
- Að fenginni heimild stjórnar má VEIÐISAFNIÐ lána tímabundið gripi/muni úr safninu.
- Hvorki má gefa né selja þá gripi sem VEIÐISAFNIÐ hefur eignast nema með samþykki stjórnar.
- VEIÐISAFNINU er ekki heimilt að veita viðtöku gripum/munum/skotvopnum, sem sérstakar kvaðir kvíla á eða fylgja, nema stjórnin samþykki.
- Samþykki stjórnar þarf til samstarfs við viðurkenndar stofnanir og önnur söfn innanlands sem utan.

- Stjórn VEIÐISAFNSINS skal stuðla að skynsamlegri veiði fugla- og spendýrastofna með beinni tengingu við veiðimenn jafnt innlenda sem erlenda, og vera tengiliður um veiðar og veiðiferðir.
- Sérýningar skulu haldnar eins oft og við verður komið hverju sinni og ber þá fyrst að nefna „Snertisýningar“ (Sensory Safari) ætlaðar sjónskertum og hreyfihömluðum.
- Stjórn VEIÐISAFNSINS skal gera tillögur og sjá um rannsóknir og útgáfu/greinaskrif í tengslum við safnið og starfsemi þess. Þá gerir stjórnin einnig tillögur um fyrirlesara, leiðsögn, námskeið og safnakennslu.
- Jafnframt er stjórn VEIÐISAFNSINS heimilt að veita sérfræðingum jafnt sem áhugafólki aðgang að munum og heimildum safnsins, s.s. til rannsókna og skrifa, til undirbúnings við gerð fræðsluefnis til kynningar og flutnings í fjölmiðlum, skólum, fyrirlesturum, tímaritum og til bókaútgáfu.
- Hafa skal samband við handhafa höfundarréttar ef þess gerist þörf.
- Bókasafn með sérritum/bókum/tímaritum skal vera aðgengilegt fyrir safngesti í húsakynnum VEIÐISAFNSINS.
- Á meðal markmiða VEIÐISAFNSINS skal vera eftirfarandi m.a.:
 - Að sýna/safna veiðidýrum, uppstoppuðum sem og húðum og hornum, fuglum, einnig uppstoppuðum, ásamt þeim veiðitækjum er til veiða þeirra eru/voru notuð, svo sem skotvopnum, háfum, spjótum, hnífum og gildrum.
 - Að sýna/safna munum og minjum er tengjast veiðum og þá sérstaklega skotveiðum, jafnt innanlands sem utan.
 - Að sinna almennum skyldum safna um söfnun verka, varðveislu, skráningu, rannsóknir, kynningar, sýningar, greinaskrif og útgáfur.
 - Að tengjast veiðimönnum, innlendum sem erlendum, með námskeiðahaldi, veiðiferðum, sýningum og fyrirlesturum um þátt veiðidýra og skotvopna og veiðitækja í samfélagi fyrr og nú, með aðaláherslu á náttúruvernd og fyrirbyggjandi aðgerðir til verndar fugla- og veiðidýrastofnum, með skynsemisveiði sem aðalmarkmið.
 - Að skrá safnmuni eftir viðurkenndum aðferðum og varðveita/forverja eftir bestu getu.
 - Að endurskoða söfnunar –og sýningastefnu sína og gátlista á fjögurra ára fresti til markvissar endurnýjunar.